

Mánudaginn 25. maí 1936.

Nr. 129/1935. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Guðmundi Kr. Bárðarsyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 9. nóv. 1935:
Hin umbeðna gerð skal ekki ná fram að ganga og er umrætt lögtak hreppstjóra úr gildi fellt.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 20. des. f. á., og að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 11. s. m., skotið máli þessu til hæstaréttar og gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt og hrundið þannig, að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Hinn skipaði talsmaður áfrýjanda krefst sér til handa hæfilegra málssóknarlauna, hvernig sem málið fer.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið þessvegna verið rekið skriflega samkv. 1. lið 38. gr. laga nr. 112 frá 1935 um hæstarétt og dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Stefndi, sem lögheimili á á Vatneyri í Patrekshreppi, hefir, samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, um allmörg ár átt jörðina Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi og byggt hana öðrum til fardaga 1933. Árið 1933, eða útsvarsár það, sem

hér skiptir máli, var enginn heimilisfastur ábúandi eftir fardaga á jörð þessari. Stefndi hafði þar að vísu starfsfólk við vor- og haustverk nokkra daga, en hann nytjaði ekki sjálfur jörðina og hafði þar ekki, að því er séð verður, neinn búpening. Hinsvegar leigði hann ýmsum mönnum slægjur og beiti-land jarðarinnar. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar, verður ekki talið, að stefndur hafi haft slika afnot af téðri jörð á árinu 1933, að heimilt hafi verið samkvæmt b-lið 8. gr. laga nr. 46 frá 1926 um útsvör að gera honum að greiða útsvar í hrepps-sjóð Tálknafjarðarhrepps árið 1934, en í málinu er því ekki haldið fram, að stefndi hafi umrætt gjald-ár verið af öðrum ástæðum útsvarsskyldur í téðum hreppi. Samkvæmt framansögðu þykir rétt að stað- festa hinn áfrýjaða úrskurð.

Þar sem stefndi hefir ekki látið mæta, fellur málskostnaður í hæstarétti niður að öðru leyti en því, að málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, sem ákveðast kr. 80.00, ber að greiða úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 80.00, greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti falli málskostnaður í hæstarétti niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:
Við niðurlögun útsvara í Tálknafjarðarhreppi vorið

1934, var Guðmundi Bárðarsyni á Vatneyri við Patreksfjörð gert að greiða 60 króna útsvar til Tálknafjarðarhrepps, en þar sem gerðarþoli ekki greiddi útsvarið óskaði hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps eftir, að lögtak yrði gert í eignum hans, og gerði hreppstjóri Patreksahrepps lögtak í útsvarsviðtæki gerðarþola á Patreksfirði hinn 6. júní s. l. Lögtaki þessu hefir gerðarþoli skotið hingað og krafizt þess að það sé úr gildi felld, með því að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur í Tálknafjarðarhreppi umrætt ár.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps byggir útsvarsálagningu sína á 8. gr. útsvarslaganna b-lið og telur að gerðarþoli hafi haft miklar tekjur af jörðinni Lambeyri árið 1933, svo sem fyrir slægnasölu og heysölu svo og beitartoll. Hreppsnefndin telur enn fremur að samkvæmt skýrslu hreppstjóra Tálknafjarðarhrepps sé gerðarþoli skráður ábúandi á jörðinni árið 1933, enda hafi hann haft þar fólk um vorið, til þess að vinna á túninu. Krefst hreppsnefndin því að gerðin nái fram að ganga og að umrætt lögtak verði staðfest.

Gerðarþoli telur hinsvegar að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur í Tálknafjarðarhreppi umrætt ár, því á árinu 1933, hafi hann ekki haft nein jarðarafnot í venjulegri merkingu af Lambeyri, heldur hafi hann leigt jörðina öðrum til afnota og hafði hann í tekjur af jörðinni, það ár, slægjusölu og beitar kr. 880.80, selt hey kr. 38.40 og lóðargjald kr. 20.00 eða samtals kr. 939.20 en getið þess jafnframt til skýringar að af þessari upphæð séu kr. 600.00 beitarleyfi til 20 ára og umgetið selt hey sé slægjugjald.

Samkvæmt skýrslu gerðarþola hefir hann látið vinna 8 dagsverk karlmanns og 7 dagsverk kvenmanns á Lambeyri vorið og haustið 1933 og telur hann að fólk þetta hafi unnið á túninu þar, en engan heyskap stundað.

Gerðarþoli hefir því krafizt þess, að áður nefnt lögtak hreppstjóra Patreksahrepps, sé úr gildi felld, og gerðarbeiðanda gert að greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Hafa aðiljar síðan skipst á skjölum í sókn og vörn, hér fyrir réttinum.

Samkvæmt b-lið 8. gr. útsvarslaga nr. 46 15. júní 1926, er heimilt að leggja útsvar á mann í sveitarfélagi utan lögheimilis hans ef hann í því sveitarfélagi hefir leiguliða-

afnot af landi þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta og lóðarafnot, ef þau gefa arð.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekki verði talið að gerðarþoli hafi haft afnot jarðarinnar Lambeyri árið 1933 í merkingu hinnar tilvitnuðu lagagreinar, þótt hann léti vinna á túni jarðarinnar það ár. Tekjur gerðarþola af jörðinni nefnt ár virðast hinsvegar eingöngu hafa verið leigutekjur, en gerðarþoli hafi ekki haft nein afnot jarðarinnar. En þar sem ekki verður álitid að leigutekjur heyri undir hið tilvitnaða laga ákvæði, verður rétturinn að líta svo á, að hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hafi verið óheimilt að leggja útsvar á gerðarþola á árinu 1934. Það verður því að taka kröfu gerðarþola til greina, og fella lögtakið úr gildi, en málskostnað er fógætarétturinn ekki bær að dæma um.

Miðvikudaginn 27. maí 1936.

Nr. 1/1936. **Ölver Karlsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hallfríði Stefaníu Axelsdóttur

(Enginn).

Ómerking dóms í barnsfaðernismáli.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 19. ágúst 1935: Vinni stúlkan, Hallfríður Stefanía Axelsdóttir Stóragerði Hörgárdal innan Eyjafjarðarsýslu, eið að því, á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærða, Ölver Karlsson Myrkárdal, á tímabilinu frá 10 ág. 1933 til 20. okt. 1933, þá skal hann teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur málskostnað allan, þar í 20.00 kr. til talsmanns kærða.

Vinni hún hinsvegar ekki eiðinn, skal kærði vera